



Leiðbeiningar um umgengni aðstöðu Kayakklúbbsins.

Aðstaða Kayakklúbbsins er félagsaðstaða okkar allra.

Hjálpumst við að halda aðstöðunni eins snyrtilegri og hægt er.

- Lágmarka skal sandburð inni aðstöðuna með því að skola það mesta af sér fyrir utan á plani/palli.
- Mikilvægt er að skrúfa fyrir vatnið með krönunum (vatnsinntak í vegg) en ekki bara á vatnsbyssunum (þær geta gefið sig).
- Sópa/skafa bleytuna af gólfi séð það óhreint/blautt.
- Sópa/skafa bleytuna út út kaffigámnum ef hann er blautur eða óhreinn.
- Spúla annað slagið út úr aðstöðugámnum og pallinn.
- Opna hurðir á sturtugámnum ef vatn hefur safnast saman inni við sturtarnar.
- Passa að allar hurðir séu læstar, útihurðin, klúbbbátagámahurðin og aðrar bátageymsluhurðir.
- Útiljósið sé slökkt sem og öll önnur ljós og ofnar séu stilltir m.t.t. útihitastigs.
- Búningsklefar og skolaðstaða er til notkunar fyrir félagsmenn í tengslum við róðra.
- Vinsamlegast geymið ekki búnað ykkar í búningsklefum eða félagsaðstöðunni.

Skilja við aðstöðuna okkar eins og maður vil koma að henni sjálfur.



Búnaður Kayakklúbbsins er búnaður okkar allra. Hjálpumst að halda honum í góðu lagi og göngum um hann eins og hann væri okkar eigin.

Umgengnisleiðbeiningar bátageymslna

- Ekki er heimilt að geyma annað en báta í geymslunum, nema það sé ofan í þeim.
- Ef geymdar eru árar með bát skulu þær vera festar tryggilega við bátana en ekki lausar.
- Bent er á að bátar í gámunum eru ekki tryggðir af klúbbum og er eigendum bent á að kaupa sér tryggingu hjá tryggingarfélagi kjósi þeir svo.
- Þegar bátar eru teknir út eða settir inn í hólfi skulu opnaðar þær dyr sem tilheyra viðkomandi hólfi en ekki taka báta út á ská með tilheyrandi hættu á hnjaski á öðrum bátum í rekkanum.
- Áður en bátar eru settir inn í gáma skal spúla af þeim sjó og sand og líka af botni bátsins. Sá sem er með bát í rekka undir þínum á að geta tekið sinn bát út hreinan en ekki útataðan í sandi af botni bátsins í hólfinu fyrir ofan hann vegna þess að hann var ekki þrífinn áður en hann var settur inn.



Umgenisleiðbeiningar klúbbbáta

- Kayakklúbburinn á nokkra kayaka sem félagsmenn og gestir þeirra geta fengið lánaða. Lögð er áhersla á að þeir sem bjóði óvönnum ræðurum með sér á sjó sé reynt kayakfólk sem hafi þekkingu og færni til að fara með minna vant fólk á sjó. Notkun báta í eigu klúbbsins er alfarið á ábyrgð þeirra sem fær búnaðinn að láni.
- Bátarnir eru fyrir fólk sem er að taka sín fyrstu skref í róðri og prófa sig áfram í íþróttinni. Ekki er ætlast til þess að ræðarar séu „áskrifendur“ af bátunum og ef eftirspurn er meiri en framboð þá gildir það almennt að „nýtt“ fólk fær að prófa.
- Eftir notkun skal skola bátana vel, þurrka mesta vatnið úr bátum og setja á sinn stað í búnaðarbátagámnum. Æskilegt er að taka lúgur af klúbbbátunum og skilja þær eftir opnar.
- Búnað klúbbsins er ekki heimilt að nota utan Geldinganes, ekki er heimilt að taka/fara með búnaðinn eða nota hann í ferðar eða annað nema frá Geldinganesi.

Umgenisleiðbeiningar smábúnaðar Kayakklúbbsins

Skilja við búnaðinn eins og maður vil koma að honum sjálfur

- Skola vel búnaðinn eftir notkun, galla, vesti og allan annan búnað.
- Hengja búnað og galla upp til þerris eftir að hann hefur verið skolaður.